



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Rannsókn sjóður Vegagerðarinnar
Sent í tölvupósti til rannsoknir@vegagerdin.is
Viðfangsefni nr. 1800-936

Neskaupstaður 4. júní 2024

Vöktun útbreiðslu lúpínu vegna framkvæmda við nýbyggingu Skriðdals- og Breiðdalsvegar ásamt brú yfir Gilsá á Völlum

Áfangaskýrsla 3

Samantekt

- Svæðið bar þess merki að framkvæmdir væru tiltölulega nýyfyrstaðnar og því var lítið um lúpínuplöntur. Allar eldri plöntur sem sáust á svæðinu og voru aðgengilegar voru slitnar upp og auk þess voru allnokkrar kímplöntur plokkaðar upp, en þó líklega ekki nærri því allar. Afar ólíklegt er að þær kímplöntur sem mögulega stinga upp kollinum í ár nái að dreifa sér í sumar og aðgerða vegna þeirra er því ekki þörf að svo stöddu.
- Nokkrar eldri lúpínuplöntur höfðu náð að komast upp úr nýja efninu sem lagt hafði verið ofan á þær. Allar slíkar sem sáust innan framkvæmdasvæðisins voru slitnar upp. Ekki er útilokað að fleiri slíkar skjóti upp kollinum í sumar, en aðgerða vegna þeirra er því ekki þörf að svo stöddu.
- Lúpína dreifir sér hratt um gilið við suðvesturhorn gömlu brúarinnar. Erfitt er að komast að vaxtarsvæðinu í giliinu og ólíklegt er að þar náist að uppræta hana með góðu móti.

Inngangur

Vegagerðin vill leitast við að lágmarka mögulega útbreiðslu alaskalúpínu á framkvæmdasvæði við Skriðdals- og Breiðdalsveg, við Gilsá (kaflí 95-02), en lúpína er útbreidd á efnistökusvæðum framkvæmdarinnar. Haustið 2021, að beiðni Sveins Sveinssonar hjá Vegagerðinni, gerði Náttúrustofa Austurlands grunnúttekt á útbreiðslu lúpínu og annarra framandi, mögulega ágengra tegunda á svæðinu (Náttúrustofa Austurlands, 2021). Vorið 2022 fékk Náttúrustofa Austurlands styrk til vöktunar á útbreiðslu lúpínu vegna framkvæmda við nýbyggingu Skriðdals- og Breiðdalsvegar ásamt brú yfir Gilsá á Völlum á Austurlandi. Markmið þeirrar vöktunar er að fylgjast með mögulegri dreifingu lúpínu með aðfluttu efni á framkvæmdasvæðinu og við það er stuðst við niðurstöður grunnúttektarinnar. Ef til aukinnar útbreiðslu lúpínu kemur mun Vegagerðin leitast við að stöðva hana jafnóðum. Vöktunin er styrkt til fimm ára af Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar.

Samkvæmt verkáætlun styrkumsóknarinnar var gert ráð fyrir að árleg úttekt færi fram í júní í fimm ár og átti fyrsta úttekt að fara fram sumarið 2022. Vegna tafa á framkvæmdum við sjálfa vegagerðina var ekki tímabært að framkvæma úttekt í júní 2022. Í samráði við Svein Sveinsson hjá Vegagerðinni á Austurlandi var ákveðið að í stað formlegrar úttektar fyrsta sumarið myndi Náttúrustofan hitta starfsmann Vegagerðarinnar á svæðinu, fara yfir bakgrunn verkefnisins og grunnstöðuna og veita ráðgjöf við skipulagningu aðgerða til að sporna við útbreiðslu lúpínu á svæðinu og var það gert 19. júlí 2022. Aftur var svo farið í úttekt til að meta árangur slátturs þann 5. ágúst 2022. Ráðgert er að meta stöðu verkefnisins fyrir síðustu áætluðu úttekt, sumarið 2026, í samstarfi við Vegagerðina. Þá ætti að vera orðið ljóst hvort ástæða er til að bæta við fimmta ári vöktunar eins og til stóð upphaflega og ljúka henni ári síðar en gert var ráð fyrir í styrkumsókn, eða hvort ljúka eigi verkefninu á áætlun, með einni færri formlegri úttekt en gert var ráð fyrir. Við þá ákvörðun verður tekið tillit til útbreiðslu lúpínu á rannsóknartímanum og ef vel hefur tekist til við að halda henni í skefjum gæti fimmta úttektin reynst óþörf.

Önnur áfangaskýrsla verkefnisins fjallar um fyrstu formlegu úttekt á útbreiðslu lúpínu á framkvæmdasvæðinu (Náttúrustofa Austurlands, 2023). Þegar vettvangsvinna þeirrar úttektar fór fram var framkvæmdum ekki lokið, en þær voru þó langt komnar. Í þessari þriðju áfangaskýrslu verður gerð grein fyrir niðurstöðum annarrar formlegu úttektar, sem fór fram þann 2. júní 2024. Einnig eru settar fram tillögur um aðgerðir sumarsins 2024 til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu lúpínu. Þegar vettvangsvinna fór fram var vegaframkvæmdum lokið og er þetta því fyrsta úttekt eftir lok framkvæmda og gert er ráð fyrir að raski vegna þeirra sé nú lokið.

Aðferðir


Gengið var um nýja veginn og þann gamla og litast um eftir lúpínuplöntum í vegfláum og næsta nágrenni. Í þeim tilvikum þar sem gengið var fram á aðgengilegar plöntur voru þær slitnar upp. Að vettvangsvinnu kom Guðrún Óskarsdóttir.

Niðurstöður og umræður

Svæðið bar þess merki að framkvæmdir væru tiltölulega nýyfyrstaðnar, með nýlegu efni í vegfláum (1. mynd). Efnið þakti flest svæði þar sem áður uxu lúpínuplöntur (sjá kort í annarri áfangaskýrslu verkefnisins; Náttúrustofa Austurlands, 2023). Því var lítið um plöntur en þó voru nokkrir brúskar sjáanlegir hér og þar, bæði á svæðum þar sem efni hafði ekki verið dreift (sjá t.d. plöntur vestan megin við gamla veginn handan brúarinnar á 1. mynd a, nærmynd á mynd c) og eins höfðu eldri plöntur vaxið upp úr efnislaginu á allavega einum stað, þ.e. við afleggjarann til Grímsárvirkjunar (1. mynd f). Bæði þar og í vegfláanum á 1. mynd c var talvert um kímplöntur lúpínu sem voru þá

nýbúnað að spíra, þannig að enn sást í kímblöð (1. mynd d). Þó einnig hafi verið leitað eftir kímplöntum í nýju efni á öðrum svæðum (1. mynd a, b og g), varð þeirra ekki vart þar, en ekki er útilokað að einhverjar stingi upp kollinum þar síðar í sumar ef lúpínufrae eru til staðar í því efni eða í jarðvegi undir þunnu lagi af efni. Vísað er til þess að í júlí 2022 var lúpína byrjuð að spretta upp úr því efni sem flutt var á svæðið þá um vorið og var gerð grein fyrir því í fyrstu áfangaskýrslu.

Í síðustu áfangaskýrslu var fjallað stuttlega um nokkrar lúpínuplöntur sem fundust á vinnu-svæðinu sem var þá við nýju brúna, alveg við gilið sunnan megin. Þá var bent á að mögulega gætu einhver fræ borist niður í gilið við efnisflutningana. Farið var að gilsbrúninni í vettvangsferð ársins í ár og þar fundust engar plöntur í þetta skiptið.



1. mynd. Nýja og gamla brúin, sitthvorum megin við þær (a og b), lúpína í vegkanti við gömlu brúna (c, svæðið sést í bakgrunni á mynd a), nærmynd af kímplöntum lúpínu (d), allmargar lúpínuplöntur í gili við gömlu brúna (e, svæðið sést í bakgrunni á mynd b), afleggjarinn að Grímsárvirkjun (f) og nýi vegurinn sunnan við brúna (g).

Þéttleiki lúpínu var sem fyrr mestur í nágrenni við gömlu brúna, einkum í gilinu við suðvesturhorn hennar (1. mynd e), en einnig norðan við hana (1. mynd c). Erfitt er að komast að vaxtarsvæðinu í gilinu og ólíklegt er að þar náist að uppræta hana, en vegna þess hvernig framleiðsla og dreifingu fræs er háttað hjá lúpínunni getur útbreiðsla hennar niður brekkur fljótt orðið óviðráðanleg ef ekki er gripið inn í þegar enn er aðeins um nokkrar einstakar plöntur að ræða (Borgþór Magnússon, 2010). Vaxtarsvæðið norðan við brúna er þó enn í örlítilli fjarlægð frá gilinu og er það takmarkað að enn er vel gerlegt að eyða henni þar. Við vettvangsathugun þar voru eldri plöntur fáar og allar slitnar upp, en eins og áður kom fram var talsvert um kímplöntur þar og sennilega náðist aðeins að plokka lítinn hluta þeirra upp.

Lúpínuplöntur byrja venjulega að bera fræ á þriðja aldursári (Borgþór Magnússon, 2010). Því er ólíklegt að þær kímplöntur sem mögulega stinga upp kollinum í ár nái að dreifa sér í sumar og aðgerða vegna þeirra er því ekki þörf að svo stöddu. Hins vegar er mögulegt að einhverjar eldri plöntur sem lentu undir efni nái upp í gegnum það síðar í sumar, líkt og á 1. mynd f. Þó ekki sé heldur þörf á aðgerðum vegna þeirra að svo stöddu mun starfsmaður Náttúrustofunnar hafa auga með svæðinu í sumar og koma skilaboðum til verkefnisstjóra innan Vegagerðarinnar ef þörf þykir.

Að lokum má nefna að þegar komið er lengra niður afleggjarann að Grímsárvirkjun eykst þéttleiki lúpínu hratt og við stöðvarhúsið er talsvert um lúpínu í gilinu. Með Grímsá geta lúpínufræ innan úr Skriðdal borist á ný svæði við ána og nú þegar eru þekkt dæmi um hraða útbreiðslu lúpínu með þessum hætti á áreyrum við Eyjólfsstaði (Guðrún Óskarsdóttir, 2021). Útbreiðsla hennar upp brekkur er þó almennt hæg og því ætti að vera vel mögulegt að halda lúpínu í skefjum á rannsóknarsvæði þessa verkefnis þrátt fyrir útbreiðslu hennar fyrir neðan það. Hvað lúpínurnar í gilinu við suðvesturhorn gömlu brúarinnar varðar, þá er ekki að sjá að þær verði upprættar (nema þá með því síga ofan í gilið, en hér er alls ekki verið að mæla með því). Þó ætti að vera gerlegt að stöðva frekari dreifingu hennar um svæðið fyrir ofan gilið og voru allar sjáanlegar plöntur á því svæði slitnar upp við vettvangsathugun.

Höfundar skýrslunnar bera ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundar starfa hjá.

Heimildir

Borgþór Magnússon. 2010. *NOBANIS – Invasive Alien Species Fact Sheet*. *Lupinus nootkatensis*. Rafrænn evrópskur gagnabanki um framandi ágengar tegundir – NOBANIS www.nobanis.org. Sótt 28/12/2022.

Guðrún Óskarsdóttir. 2021. *Gróðurframvinda í lúpínubreiðum á Austurlandi*. Náttúrustofa Austurlands. NA-210211.

Náttúrustofa Austurlands. 2021. *Athugun á útbreiðslu lúpínu og annarra framandi, ágengra tegunda við Gilsá/Grímsárvirkjun á Skriðdals- og Breiðdalsvegi haustið 2021*. Minnisblað sent til Sveins Sveinssonar hjá Vegagerðinni, 2. nóvember 2021.

Náttúrustofa Austurlands. 2023. *Vöktun útbreiðslu lúpínu vegna framkvæmda við nýbyggingu Skriðdals- og Breiðdalsveggar ásamt brú yfir Gilsá á Völlum*. Áfangaskýrsla 2.